



**Skýrsla stjórnar  
Aðalfundur 2026**

Græna orkan

Samstarfsvettvangur um orkuskipti

## Orkuskiptaárið 2025

Orkuskipti fólksbíla ganga vel. Stjórnvöld kynntu breytingar á ívilnunum þegar árið 2024 og munu allar ívilnanir fyrir fólksbíla fasast út í lok árs 2027. Staða á bílamarkaði er líka þannig að rafbílar eru að fullu samkeppnishæfir í verðum vö hefðbundna jarðefnaeldsneytis bíla.

Þungi ívilnanna frá stjórnvöldum hefur að mestu færst á stærri tæki. Í lok 2025 for samþykktar ívilnanir fyrir trukka og stærri tæki. Ekki verður annað sagt en að stjórnvöld hafi svarað kalli geirans enda ívilnunum vel tekið af markaðnum. Losunarfrí stærri tæki eru nú á götum landsins og væntum við aukningar á þeim og vonandi ná slík tæki sama flugi og fólksbílar. Ljóst er að GO hafði umtalsverð áhrif á árangurinn með þrýstingi frá meðlimum og í fjölda samtöla stjórnarfólks, og skrifstofu GO, við stjórnkerfið. Hér hefur styrkur GO best komið í ljóst þ.e. í beinum samtölum við stjórnvöld hvernig fé er best nýtt og í hvað þegar kemur að hröðun orkuskipta.

Það eru þó efnahagsleg teikn á lofti og vaxtastig hátt sem dregur úr eftirspurn fyrirtækja á dýrari tækjum. Einnig er verulegur skortur á innviðum. Stjórnvöld þurfa að styðja við uppbyggingu innviða fyrir stærri tæki og ef að einhverjum að markmiðum stjórnvalda skal náð verður að efla Orkusjóð verulega. Stjórn GO telur einnig að auka þurfi samtál milli stjórnvalda og hagaðila í haftengdri starfsemi með það að leiðarljósi að finna leiðir til að auka nýtingu vistvæns eldsneytis á sjó.

- Umsögn um atvinnustefnu

Í lok árs 2025 sendi stjórn félagsins inn athugasemdir við tillögu að atvinnustefnu í samráðsgátt stjórnvalda, þar sem við nýttum okkur tækifærið til að koma sjónarmiðum okkar á framfæri.

- Fastir mánaðarlegir fyrirlestrar

Sú nýjung var tekin upp að hafa fasta mánaðarlega fyrirlestra á netinu. Tókst að fá fjölbreyttan hóp fyrirlesara og fjöldi fólks fylgdist með. Þessi nýbreytni féll vel í kramið á meðlimum og reyndar hjá öllum þeim sem hlýddu á. Ljóst er að þessari vinnu verður framhaldið og rætt hvort a.m.k. 1-2 slíkir fyrirlestrar ættu að vera fýsískir þannig að félagar í GO geti hist oftár til skrafs og ráðagerða.

- Afkoma

Afkoma félagsins var góð og í takti við rekstaráætlun. Tæplega 300 þús kr. hagnaður var af starfseminni.

- Stjórn

Í stjórn á árinu sátu Ágústa Steinunn Loftsdóttir, Linda Fanney Valgeirsdóttir, Guðmundur Ingi Þorsteinsson, Hrefna Hallgrímsdóttir, Krístin Bjarnarson, Helga Barðadóttir, Erla Sigridur Gestsdóttir og í varstjórn Jóhann Ingi Magnússon og Íris Hannah Atladóttir.

f.h. stjórnar Grænu orkunnar,

Guðmundur Ingi Þorsteinsson, formaður